

Nd.

475. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 3. gr. í stað „Börn innan 16 ára aldurs“ í upphafi gr. komi: Börn innan 17 ára aldurs.
2. Við 9. gr. í stað „16 ára“ á þrem stöðum í 1. efnismálsgr. komi: 17 ára.
3. Við 10. gr.
 - a. Á eftir upphafsorðunum „Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara“ í A-lið, 2 komi: og einstökum foreldrum sem halda heimili og framfæra þar börn sín.
 - b. Í stað „16 ára“ í 1. málsgr. C-liðar komi: 17 ára.
 - c. 2. málsgr. C-liðar orðist svo:

Af heildarupphæð barnabóta greiðast til framfæranda barns 20 000 kr. með hverju barni. Upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu. Eftirstöðvum skal varið til greiðslu eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

 1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
 2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
 3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
 4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
 5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.
 - d. 3. málsgr. C-liðar orðist svo:

Eftirstöðvar, ef einhverjar verða, greiðast framfæranda. Framfærandi getur farið fram á að heildarupphæð barnabóta renni óskert til greiðslu ofantalinna opinberra gjalda. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga útborgaðra barnabóta ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklinga um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 17 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 17 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.